

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
Félags stjórnenda leikskóla**

19. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn þriðjudaginn 8. september 2020. Fundurinn hófst kl. 10:30 og fór fram í húsnæði Kennarasambands Íslands, Borgartúni 30 .

Fundinn sat af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson.

Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Félagsmenn sem lækka í launum skv. nýjum kjarasamningi FSL og 3% ákvæðið.

Í tengslum við kjarasamning SNS og FSL sem undirritaður var 10. júlí 2020 getur komið upp sú staða að félagsmenn lækki í launum vegna þeirra breytinga sem koma til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2020.

Þá var samstarfsnefnd sammála um það á 15. fundi sínum að svokallað 3% ákvæði gildi áfram þar til nýr kjarasamningur milli aðila hefði tekið gildi. Samkvæmt því hefði 3% ákvæðið átt að falla niður án frekari fyrirvara þann 1. janúar 2020 sem einnig getur orðið til þess einstaka félagsmenn lækki í launum frá og með 1. janúar 2020.

Niðurstaða:

Samningasaðilar er um sammála um að enginn skuli lækka í launum, meðan viðkomandi heldur sama starfi, vegna þeirra breytinga sem koma til framkvæmda skv. kjarasamningi aðila með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Þá mun 3% ákvæðið gilda áfram til 1. ágúst 2020 en fellur þá niður án frekari fyrirvara.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:30